



Innkaupa- og framkvæmdaráð

Rammasamningsútboð nr. 16326, Forritun á vef Reykjavíkurborgar

Tilboð í útboðinu voru opnuð 25. ágúst 2026. Fjögur fyrirtæki skiluðu tilboði.

Um er að ræða almennt rammasamningsútboð samkvæmt lögum nr. 120/2016 um opinber innkaup. Útboðið var auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu. Hagkvæmasta gilda tilboð var ákvarðað út frá besta hlutfalli verðs og gæða samkvæmt útboðsgögnum.

Rammasamningurinn tekur til forritunar fyrir vef Reykjavíkurborgar. Gildistími hans er fjögur ár frá því að samningur kemst á og gert er ráð fyrir að samið verði við einn bjóðanda. Engin lágmarksviðskipti eru tryggð. Hámarksfjárhæð rammasamningsins á öllum gildistímanum er 133.000.000 kr. án virðisaukaskatts.

Við yfirferð á hæfi bjóðenda og tilboðum kom í ljós að tilboð Stefnu uppfyllti ekki lágmarkskröfur útboðsgagnanna. Trembit LLP sýndi ekki með fullnægjandi hætti fram á að kröfur um fjárhagslegt hæfi væru uppfylltar. Gögn félagsins sýndu jafnframt ekki fram á uppfyllingu tiltekinna lágmarkskrafna um tæknilega og faglega getu. Tilboðin voru því ekki tekin til frekara mats á verði og gæðum.

Af þeim tilboðum sem komu til mats reyndist tilboð 1xInternet hagkvæmast. Tilboðið hlaut 100 heildarstig.

Lagt er til við Innkaupa- og framkvæmdaráð að tilboðum Stefnu og Trembit LLP verði hafnað og að gengið verði að tilboði 1xInternet að fjárhæð 122.100.000 kr. án virðisaukaskatts.

Virðingarfyllt

Þröstur Sigurðsson, skrifstofustjóri
Stafræn Reykjavík
Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Hjálagt: Opnunarfundargerð